

Umsögn dómnefndar

samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla

um umsækjendur um tvö embætti héraðsdómara með fyrstu starfsstöð annars vegar við Héraðsdóm Reykjavíkur og hins vegar Héraðsdóm Suðurlands sem auglýst voru laus til umsóknar í Lögbirtingablaði 15. október 2021

Reykjavík, 15. desember 2021

EFNISYFIRLIT

1. Umsækjendur	3
2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á	3
3. Um málsmeðferð dómnefndar.....	6
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur	7
5. Mat á hæfni umsækjenda.....	14
5.1. Menntun og framhaldsmenntun.....	14
5.1.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður.....	15
5.2. Reynsla af dómstörfum	16
5.2.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður	16
5.3. Reynsla af lögmanns- og málflytningisstörfum	17
5.3.1. Reynsla af lögmanns- og málflytningisstörfum – samanburður.....	18
5.4. Reynsla af stjórnarsýslustörfum.....	19
5.4.1. Reynsla af stjórnarsýslustörfum – samanburður	21
5.5. Reynsla af fræðistörfum o.fl.	22
5.5.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf.....	22
5.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður	23
5.5.2. Fræðibækur og -greinar, ritstjórn o.fl.....	23
5.5.2.1. Fræðibækur og -greinar, ritstjórn o.fl. – samanburður.....	24
5.6. Reynsla af stjórnun	25
5.6.1. Reynsla af stjórnun – samanburður.....	26
5.7. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.	26
5.7.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður	28
5.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi	28
5.9. Sérstök starfshæfni.....	29

5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu.....	29
5.9.2. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi.....	30
5.10. Færni umsækjenda til að semja dóma.....	30
6. Niðurstaða dómnefndar	32
6.1. Niðurstaða um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Suðurlands.....	33
6.2. Niðurstaða um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjavíkur	34

1. Umsækjendur

Með bréfi 5. nóvember 2021 fór dómsmálaráðuneytið þess á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti tveggja héraðsdómara, annars vegar með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og hins vegar með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Suðurlands. Embættin voru auglýst laus til umsóknar 15. október 2021 í Lögbirtingablaði.

Eftirtalin sóttu um embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Suðurlands: Einar Karl Hallvarðsson ríkislögmaður, Karl Gauti Hjaltason lögfræðingur, Maren Albertsdóttir skrifstofustjóri umboðsmanns Alþingis, Margrét Gunnlaugsdóttir lögmaður, Nanna Magnadóttir formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Sigurður Jónsson lögmaður, Sólveig Ingadóttir aðstoðarmaður héraðsdómara, Unnsteinn Örn Elvarsson lögmaður, Valborg Steingrímsdóttir sviðsstjóri og Þorsteinn Magnússon framkvæmdastjóri óbyggðanefndar.

Framangreindir umsækjendur sóttu jafnframt um embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjavíkur að Einari Karli og Karli Gauta undanskildum.

Samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættanna sem auglýst hafa verið laus til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómsmála var sú að umsækjendur uppfylltu allir þau skilyrði.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Samkvæmt lögnum skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Þágildandi lögum nr. 15/1998 um dómstóla var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemdum við þá málsgrein síðargreindu laganna, er varð að 2. mgr. 4. gr. a

laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnarsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðiritra, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf dómnefndar. Dómsmálaráðherra hefur sett reglur nr. 970/2020 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, en þær komu í stað eldri reglna um sama efni, nr. 620/2010. Í 4. gr. hinna nýju reglna er á sama hátt og í 4. gr. þeirra eldri fjallað um sjónarmið, sem nefndin skal byggja mat sitt á, og segir þar svo:

„4. gr.

Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á.

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi

fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnáæslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamála-réttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgervi.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breytingu á lögum nr. 15/1998, er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnáæslulögum nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ennfremur er þar minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara skuli byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsaákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 970/2020 eru byggð á þessum tilmælum.

Dómnefnd hefur áður fjallað um í umsögnum sínum hvaða merkingu beri að leggja í þau ummæli 1. töluliðar 1. mgr. 4. gr. regnanna „að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu“ og tekið fram að þetta matsviðmið sé ekki einfalt í meðförum. Einnig að fjölbreytt starfsreynsla umsækjanda geti aukið lögfræðilega þekkingu hans, en slíkt sé þó ekki endilega raunin. Sú ályktun hefur verið dregin af athugasemdum með frumvarpinu, er varð að lögum nr. 45/2010, að megináhersla sé þar lögð á lögfræðilega þekkingu umsækjandans. Með fjölbreyttri starfsreynslu sé átt við fjölbreytileika starfa, sem umsækjendur hafa sinnt, en ekki síður hve verkefni, sem þeir hafa fengist við, séu fjölbreytileg í þeim skilningi að þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá skiptir lögfræðileg þekking umsækjanda ekki máli, ein og sér, þegar mat er lagt á hæfni hans til að gegna embætti dómara í samanburði við aðra umsækjendur, heldur er einnig nauðsynlegt, eftir því sem tók eru á, að meta færni hans til að nýta þá þekkingu við úrlausn dómsmála.

3. Um málsmeðferð dómnefndar

Við meðferð máls þessa hefur Helga Melkorka Óttarsdóttir vikið sæti úr dómnefnd vegna vanhæfis á grundvelli 3. gr. stjórnáskilgáttanna og varamaður hennar, Sigríður Þorgeirsdóttir, tekið sæti í hennar stað. Fyrir sátu í nefndinni Eiríkur Tómasson, formaður, Kristín Benediktsdóttir, Óskar Sigurðsson og Þorgeir Örlygsson. Hinn 9. nóvember 2021 ritaði nefndin umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu fram athugasemdir við sérstakt hæfi þeirra.

Fyrsti fundur dómnefndar var haldinn 8. nóvember 2021. Samkvæmt 10. gr. reglna nr. 970/2020 reiknast sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar frá þeim degi, en þar er jafnframt tekið fram að sá frestur geti þó orðið lengri ef sérstakar ástæður valda því, svo sem mikill fjöldi umsækjenda o.þ.h.

Í framangreindri auglýsingu frá 15. október 2021 var m.a. áskilið að fram kæmu í umsóknum um dómaraembættin upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Á grundvelli 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020 sendi dómnefnd spurningalista til þeirra sem

umsækjendur höfðu gefið upp sem umsagnaraðila. Umsækjendunum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör þeirra og hafði nefndin hliðsjón af þessum umsögnum við endanlegt mat sitt, svo sem nánar verður vikið að í kafla 5.8. hér á eftir.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur 3. desember 2021.

Þess skal getið að hæfni sjö umsækjenda, Margrétar Gunnlaugsdóttur, Nönnu Magnadóttur, Sigurðar Jónssonar, Sólveigar Ingadóttur, Unnar Arnar Elvarssonar, Valborgar Steingrímsdóttur og Þorsteins Magnússonar, hefur áður verið metin af dómnefnd í tilefni af umsóknum þeirra um embætti héraðsdómara, sbr. t.d. umsagnir 21. desember 2017, 11. september 2019, 20. júlí 2020, 13. júlí og 15. september 2021.

Samkvæmt 8. gr. reglna nr. 970/2020 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 8. desember 2021, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 13. sama mánaðar. Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að fram kæmi svo fljótt sem kostur væri hvort umsækjendur hygðust gera athugasemdir og þær yrðu þá sendar sem fyrst. Athugasemdir bárust frá sex umsækjendum og voru gerðar nokkrar breytingar frá drögunum með tilliti til þeirra án þess að niðurstaða umsagnarinnar breyttist.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjenda, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á hæfni umsækjenda og viðmið á grundvelli þeirra meginsjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjendanna. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Einar Karl Hallvarðsson er fæddur 6. júní 1966 og er því 55 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1993. Þá hefur hann sótt ýmis námskeið, þ. á m. í lögfræði. Hann öðlaðist málflutningsréttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1994 og sem hæstaréttarlögmaður 1997. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn sem lögfræðingur hjá yfirskattanefnd þar til hann hóf störf sem lögmaður við embætti ríkislögmanns í ársbyrjun 1994. Hann var settur ríkislögmaður

í desember 2010 og skipaður í embættið í september 2011. Þá hefur hann verið fyrirsvarsmaður íslenska ríkisins gagnvart Mannréttindadómstóli Evrópu frá 2016. Í ágúst 2005 var hann ráðinn í stöðu aðjúnkts við lagadeild Háskólans á Bifröst og í ársbyrjun 2007 fékk hann framgang í stöðu dósents. Aðalkennslugrein hans hefur verið einkamálaréttarfar en auk þess hefur hann kennt stjórnskipunarrétt, inngangsfræði lögfræði, opinberan starfsmannarétt, Evrópurétt og EES-rétt og málflutning fyrir dómi. Umsækjandinn hefur verið leiðbeinandi við ritun fjölda BA-ritgerða og meistararitgerða við Háskólann á Bifröst. Þá hefur hann verið prófdómari við þann skóla og í eitt skipti við Háskóla Íslands. Hann hefur frá árinu 2006 sinnt kennslu og haft umsjón með prófum í einkamálaréttarhari á námskeiðum til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda. Í umsókn sinni greinir hann frá fimm ritverkum sínum um lögfræðileg efni, þrjár greinar, þar af tvær ritrýndar, og tvo bókarkafla. Þá hefur hann haldið fjölda erinda héraðs og erlendis um lögfræðileg efni. Einnig var hann um árabíl í útgáfuráði Bókaútgáfu Orators.

Karl Gauti Hjaltason er fæddur 31. maí 1959 og er því 62 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í október 1989 og stjórnunarnámi fyrir stjórnendur lögreglu á árinu 2007. Þá hefur hann sótt fjöldamörg námskeið í lögfræði. Hann öðlaðist málflutningsréttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1996. Að loknu laganámi og til október 1990 starfaði umsækjandinn sem dómarafulltrúi hjá bæjarfógetanum í Keflavík, Grindavík og Njarðvík og sýslumanninum í Gullbringusýslu en frá þeim tíma til desember 1990 sem lögfræðingur hjá ríkisskattanefnd . Frá desember 1990 starfaði umsækjandinn sem dómarafulltrúi hjá bæjarfógetanum á Selfossi og sýslumanninum í Árnessýslu og frá júlí 1992 til júní 1998 sem fulltrúi hjá sýslumanninum á Selfossi. Umsækjandinn var skipaður í embætti sýslumanns og lögreglustjóra í Vestmannaeyjum í júlí 1998 til júní 2014. Hann var skólastjóri Lögregluskóla ríkisins frá júlí 2014 fram til haustsins 2016 þegar skólinn var lagður niður. Árið 2017 tók umsækjandinn sæti á Alþingi og átti hann þar fast sæti fram til september 2021. Umsækjandinn var settur sýslumaður á Hólmavík hluta úr sumri 1996 og lögreglustjóri í Reykjavík, rannsóknarlögreglustjóri ríkisins og sýslumaður í Vestmannaeyjum til að rannsaka einstök sakamál og taka ákvörðun um einstök stjórnsýslumál á árunum 1996-1998. Hann var formaður yfirkjörstjórnar Suður-

kjördæmis (áður Suðurlandskjördæmi) á árunum 1998-2017. Í umsókn sinni greinir umsækjandinn frá einu ritverki um lögfræðilegt efni sem hann ritaði ásamt öðrum árið 2014 og hefur ritverkið verið endurskoðað og endurútgefið í tvígang. Hann sat í tveimur starfshópum á vegum innanríkisráðuneytisins árin 2014 og 2015 sem skiluðu tveimur skýrslum til ráðherra. Fyrri nefndin um tillögur að framtíðarskipan lögreglumenntunar á Íslandi og sú síðari um endurskoðun á lögreglunámi á Íslandi. Umsækjandinn sat í stjórn fræðslu- og starfsmenntunarsjóðs lögreglu í rúman áratug eða til 2014, í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis 2017-2021 og Þingvallanefnd 2017-2021. Hann hefur setið í Áfrýjunardómstól ÍSÍ (áður Íþróttadómstól ÍSÍ) frá árinu 1997. Umsækjandinn var stofnandi og formaður Karatefélags Þórshamars 1979-1985, formaður Karatesambands Íslands 1985-1998 og í stjórn íþróttafélagsins Gerplu 1983-1986. Hann sat í stjórn Ungmennasambands Kjalarnesþings 1986-1988, í stjórn Taflfélags Vestmannaeyja 2003-2020, þar af formaður 2007-2013, og í stjórn Skáksambands Íslands 2006-2008. Umsækjandinn stofnaði Stjórnufræðifélag Vestmannaeyja 2012 og var formaður þess til ársins 2014.

Maren Albertsdóttir er fædd 22. mars 1976 og er því 45 ára. Hún lauk BA-prófi í íslensku frá Háskóla Íslands árið 2000. Þá lauk hún BA-prófi og síðan meistaraþrófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2010. Í desember 2017 lauk hún meistaraþrófi (LL.M) í alþjóðlegum gerðardómsrétti frá Stokkhólmsháskóla í Svíþjóð. Þá hefur hún sótt ýmis námskeið í lögfræði hérlendis og erlendis. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn sem fulltrúi á lögmannsstofu þar til hún hóf störf sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis í september 2012. Hún tók við starfi aðstoðarmanns umboðsmanns Alþingis í júlí 2018 en því starfsheiti var breytt í skrifstofustjóra embættisins í apríl 2021 og gegnir hún þeirri stöðu í dag. Umsækjandinn hefur frá árinu 2018 setið í stjórn rannsóknastofu í stjórnsýslurétti innan Lagastofnunar Háskóla Íslands. Þá hefur hún verið stundakennari í stjórnsýslurétti frá árinu 2014 við lagadeild Háskóla Íslands og frá árinu 2015 við stjórn málafræðideild sama skóla, að undanskildum tveimur árum þegar hún dvaldi í Svíþjóð. Hún hefur einnig verið leiðbeinandi við ritun sjö BA-ritgerða. Ennfremur hefur hún haldið erindi um lögfræðileg efni. Umsækjandinn var stjórnarmaður í Íslenska málfræðifélaginu 2003-2005.

Margrét Gunnlaugsdóttir er fædd 7. maí 1961 og er því 60 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1992 og diplómaprófi á sviði rekstrar og viðskipta frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 1999. Í febrúar 2019 lauk hún meistaraprófi (LL.M) í alþjóðlegum og evrópskum viðskiptarétti frá Ludwig-Maximilians háskólanum í München. Þá hefur hún sótt mörg námskeið í lögfræði. Hún öðlaðist málflytningarréttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2001 og sem hæstaréttarlögmaður 2010. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn sem sérfræðingur hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu en frá 1993 til 1998 starfaði hún sem sérfræðingur á tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Frá 2000 til 2003 starfaði hún sem sérfræðingur hjá embætti Tollstjórans í Reykjavík en hóf að því loknu störf sem lögmaður á lögmannsstofu. Þar starfaði hún þar til hún stofnaði lögmannsstofu árið 2005 þar sem hún hefur frá þeim tíma verið meðeigandi. Frá hausti 2017 til mars 2019 var hún í námsleyfi vegna meistaranáms. Hún sat í bráðabirgðastjórn Sparisjóðs Mýrasýslu árin 2009-2010 og í úrskurðarnefnd félagsþjónustu- og húsnæðismála árin 2010-2013. Frá 2006 hefur hún verið í teymi lögmannna sem sinnir Neyðarmóttöku kynferðisbrota. Þá var hún í stjórn Félags kvenna í lögmennsku árin 2006-2010. Hún hefur þrívægis tekið að sér kennslu á námskeiðum hjá Lögmannafélagi Íslands og hefur verið prófdómari við Háskólann í Reykjavík.

Nanna Magnadóttir er fædd 10. mars 1973 og er því 48 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1998 og meistaraprófi í alþjóðlegum mannréttindalögum frá Raoul Wallenberg stofnun Háskólans í Lundi árið 2004. Hún hefur sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni bæði hérlendis og erlendis. Hún öðlaðist málflytningarréttindi sem héraðsdómslögmaður 2001. Að loknu embættisprófi starfaði hún sumarlangt í þinglýsingardeild hjá sýslumanninum í Kópavogi. Í september 1998 varð hún aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og gegndi því starfi fram í ágúst 2001, að undanskildum fjórum mánuðum sem hún starfaði fyrir dómstólaráð og átta mánuðum meðan hún var settur skrifstofustjóri dómstólsins. Frá september 2001 til ágúst 2002 starfaði hún sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis. Í september 2003 hóf umsækjandinn störf sem aðstoðarmaður í fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu og starfaði þar fram í maí 2004 er hún hóf störf sem lögfræðingur í deild Evrópuráðsins um fullnustu dóma Mannréttindadómstóls

Evrópu. Frá janúar 2005 sinnti hún margvíslegum störfum á vegum Evrópuráðsins í Kósóvó og Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga. Frá október 2009 og fram í september 2013 starfaði hún sem aðalráðgjafi hjá Eyrstrasaltsráðinu í Stokkhólmi. Frá þeim tíma var hún sjálfstætt starfandi og tók m.a. að sér ýmis verkefni fyrir umboðsmann Alþingis og Eyrstrasaltsráðið eða fram til 1. janúar 2014 þegar hún var skipuð forstöðumaður og formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Hún lætur þess getið í umsókn sinni að hún hafi haustið 2021 sinnt stundakennslu á ensku í umhverfisrétti í LLM-námi við lagadeild Háskóla Íslands. Ennfremur var hún prófdómari á munnlegum prófum í tveimur námskeiðum við Háskóla Íslands 2019. Hún hefur ritað eina óritrýnda grein sem birtist í lögfræðitímariti og flutt erindi um lögfræðileg málefni. Þá var hún meðritstjóri *Balticness*, tímarits Eyrstrasaltsráðsins, 2009-2010. Umsækjandinn var sjálfbóaliði hjá Kvennaráðgjöfinni 1997-1999 og formaður vinnuhóps um heimasíðu fyrir héraðsdómstólana og dómstólaráð 2001. Árin 2014-2018 var hún í stjórn Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Þá hefur hún átt hlut að undirbúningi lagasetningar og gerð ýmiss konar regluverks í störfum sínum, m.a. haft framsögu á ýmsum ráðstefnum og beitt sér fyrir endurskoðun verklagsreglna Eyrstrasaltsráðsins um þátttöku þess í verkefnum. Umsækjandinn gegndi nýlega formennsku í ráðgefandi hæfnisnefnd, með það hlutverk að fara yfir og leggja mat á umsóknir um embætti skrifstofustjóra á skrifstofu landgæða í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Einnig hefur hún verið formaður og tekið þátt í fjölmörgum vinnuhópum sem starfsmaður Evrópuráðsins, UNIFEM og Eyrstrasaltsráðsins.

Sigurður Jónsson er fæddur 13. febrúar 1956 og er því 65 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1983. Hann hefur sótt ýmis námskeið í lögfræði. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi á árinu 1989 og réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti 1997. Þá öðlaðist hann fasteigna-söluréttindi árið 1991. Að loknu lagaprófi hóf hann störf sem dómarafulltrúi og fulltrúi sýslumannsins á Akureyri og starfaði þar fram til ársins 1986 er hann hóf störf sem dómarafulltrú hjá embætti sýslumannsins á Selfossi og starfaði þar fram til ársins 1988. Á árinu 1987 var hann settur sýslumaður í Strandasýslu í sem næst einn og hálfan mánuð og árin 1988-1989 var hann starfsmannastjóri Sláturfélags Suðurlands á

Selfossi. Á árunum 1989-1991 var hann aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra en að því loknu hóf hann rekstur eigin lögmannsstofu auk fasteignasölu fram til ársins 2002. Frá 2002 til 2007 annaðist hann rekstur eigin lögmannsstofu og fasteignasölu í Vestmannaeyjum. Frá 2007 til 2012 annaðist hann rekstur eigin lögmannsstofu á Selfossi en stofnaði síðan lögmannsstofu ásamt öðrum með starfsstöðvar á fleiri en einum stað. Umsækjandinn var formaður yfirúttektarnefndar Árnæssýslu árin 1986-1993 og sat í mörgum nefndum á vegum Stjórnarráðs Íslands á árunum 1989-1991. Hann var nefndarmaður í kvörtunarnefnd Félags fasteignasala árin 2003-2008, stjórnarformaður Eyvindartungu ehf. árin 2001-2010, stjórnarformaður í Landssamtökum raforkubænda á Íslandi árin 2005-2010 og hefur verið stjórnarmaður Landssamtaka landeigenda á Íslandi frá árinu 2009. Árið 2018 tók hann sæti í tveimur nefndum samkvæmt 93. gr. laga nr. 15/1998 um framkvæmd sveitarstjórnarkosninga. Hann hefur alloft verið dómkvaddur sem matsmaður, aðallega til að meta verðmæti fasteigna og gera arðskrár vegna veiði.

Sólveig Ingadóttir er fædd 16. október 1984 og er því 37 ára. Hún lauk BA-prófi og síðan meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2010. Hún öðlaðist réttindi til að vera héraðsdómslögmaður árið 2011 og réttindi til að starfa sem löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali árið 2015. Þá hefur hún sótt námskeið í lögfræði. Frá árinu 2010 hefur hún starfað sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Suðurlands. Árið 2014 kenndi hún á námskeiði á vegum dómstólaráðs um meðferð sakamála fyrir aðstoðarmenn dómara og ólöglaert starfsfólk dómstólanna. Hún sat í stjórn Félags löglærðra aðstoðarmanna dómara á tímabilunum 2011-2015, fyrst sem varaformaður og síðar sem formaður, og aftur í stjórn 2017-2018.

Unnsteinn Örn Elvarsson er fæddur 17. janúar 1983 og er því 38 ára. Hann lauk BA-prófi og síðan meistaraprófi í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík í janúar 2009. Í júní 2013 lauk hann meistaraprófi í lögum (LL.M) í upplýsingatæknirétti frá Stokkhólmsháskóla í Svíþjóð. Hann öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi á árinu 2009 og fyrir Landsrétti 2018. Hann öðlaðist réttindi til að starfa sem löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali árið 2015. Að loknu laganámi starfaði hann sem fulltrúi og lögmaður á lögmannsstofu til ársins 2012 en frá september 2013 hefur hann

rekið eigin lögmannsstofu. Hann rak fasteignasölu í um eitt ár frá 2016-2017 ásamt tveimur öðrum og hefur frá 2014 verið stjórnarmaður í Íslenskri endurtryggingu hf.

Valborg Steingrímsdóttir er fædd 6. júní 1982 og er því 39 ára. Hún lauk BA-prófi og síðan meistaraþrófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2008. Í maí 2011 lauk hún meistaraþrófi í lögum (LL.M) frá Berkeley-háskóla í Kaliforníu. Hún hefur sótt ýmis námskeið á sviði lögfræði. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í desember 2015. Að loknu laganámi starfaði hún sem lögfræðingur hjá Orkustofnun til ársins 2010. Hún starfaði sem lögfræðingur fyrir stjórnlagaráð um tveggja mánaða skeið árið 2011 og á árunum 2011-2018 starfaði hún sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Árið 2018 hóf hún störf hjá Persónuvernd en hefur frá því í júlí 2021 gegnt stöðu sviðsstjóra hjá stofnuninni. Hún var í tímabundnu leyfi frá störfum sínum hjá Persónuvernd veturinn 2020-2021 og starfaði þá sem aðstoðarmaður dómara við Landsrätt. Umsækjandinn hefur ritað tvær fræðigreinar, þar af er önnur ritrýnd grein um lögfræði, en hin þverfræðileg grein sem hún samdi ásamt tveimur öðrum. Einnig hefur hún haldið tvo fyrirlestra um lögfræðileg efni. Árið 2010 var hún stundakennari við Háskóla Íslands í námskeiðinu Natural Resources Law og árið 2011 var hún stundakennari við sama skóla í námskeiðunum EC Environmental Law og International Environmental Law. Þá hefur hún haldið fræðileg erindi á sviði orku- og auðlindamála og persónuverndar. Hún var ritari í stjórn Stéttarfélags lögfræðinga 2013-2017 og ritari í stjórn kammerkórsins Hljómeyki 2016-2017, fulltrúi Íslands í ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um persónuvernd 2018-2019. Einnig hefur hún sem starfsmaður Persónuverndar setið í sérfræðingahópi Evrópska persónuverndarráðsins sem fjallar um eftirfylgni, rafræna stjórnsýslu og heilbrigði.

Þorsteinn Magnússon er fæddur 27. maí 1976 og er því 45 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í febrúar 2008 og viðbótardiplóma í opinberri stjórnsýslu frá sama skóla í febrúar 2021. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi á árinu 2010. Að loknu embættisprófi 2008 starfaði hann sem lögfræðingur á skrifstofu óbyggðanefndar en haustið 2009 hóf hann störf sem lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu. Hann starfaði sem fulltrúi og lögmaður á lögmannsstofu frá ágúst 2010 þar til hann varð framkvæmdastjóri óbyggðanefndar í desember 2012 og gegnir hann því starfi enn. Á árunum 2009-2013 hafði hann umsjón

með verkefnum í eignarrétti við lagadeild Háskóla Íslands og árið 2019 var hann prófdómari vegna meistararitgerðar við sömu deild. Þá getur hann í umsókn sinni um tvær greinar um lögfræðileg efni sem báðar eru ritýndar og þrjá fyrirlestra sem hann hefur flutt á námskeiðum og fundum hérlendis. Umsækjandinn kom ásamt starfsmönnum forsætisráðuneytisins að því að semja drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 55/1998 um þjóðlendur. Hann var formaður starfshóps um víxilverkanir lífeyrisgreiðslna og varaformaður nefndar um endurskoðun almannatryggingakerfisins 2013-2014. Hann hefur verið varamaður formanns kærunefndar húsamála frá 2013 og átt sæti í óbyggðanefnd frá 2016. Þá var hann varamaður í úrskurðarnefnd almannatrygginga 2013-2015. Í apríl 2017 var hann kjörinn í Landsdóm til sex ára. Umsækjandinn var í stjórn Geðhjálpur í níu mánuði árið 2012 og formaður öldungaráðs Frjálsíþróttasambands Íslands 2016-2018. Hann var varamaður í stjórn Íþróttafélags Reykjavíkur 2016-2017 og ritari hennar 2017-2018. Frá 2020 hefur hann verið ritari stjórnar Skákkfélags Selfoss og nágrennis og í september 2021 tók hann sæti í stjórn Fischersseturs á Selfossi. Einnig hefur hann verið formaður laganefndar Skáksambands Íslands frá 2020 og tók í maí 2021 sæti í stjórn sambandsins þar sem hann hafði áður verið varamaður.

5. Mat á hæfni umsækjenda

5.1. Menntun og framhaldsmenntun

Einar Karl Hallvarðsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1993.

Karl Gauti Hjaltason lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1989. Ennfremur hefur hann lokið stjórnunarnámi fyrir stjórnendur lögreglu sem haldið var í samstarfi Endurmenntunarstofnunar HÍ og Lögregluskóla ríkisins 2006-2007.

Maren Albertsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2010, en tíu árum áður hafði hún lokið BA-prófi í íslensku frá sama skóla. Árið 2017 lauk hún meistaraþrófi (LL.M) í alþjóðlegum gerðardómsrétti frá Stokkhólmsháskóla.

Margrét Gunnlaugsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1992 og diplómaprófi á sviði rekstrar og viðskipta 1999 frá Endurmenntunarstofnun sama skóla. Árið 2019 lauk hún meistaraprófi (LL.M) í alþjóðlegum og evrópskum viðskiptarétti frá Ludwig-Maximilians háskólanum í München.

Nanna Magnadóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1998 og meistaraprófi í alþjóðlegum mannréttindalögum frá Raoul Wallenberg stofnun Háskólans í Lundi 2004.

Sigurður Jónsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1983.

Sólveig Ingadóttir lauk BA-prófi og síðan meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2010.

Unnsteinn Örn Elvarsson lauk BA-prófi og síðan meistaraprófi í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2009. Árið 2013 lauk hann meistaraprófi (LL.M) í upplýsingatæknirétti frá Stokkhólmsháskóla.

Valborg Steingrímsdóttir lauk meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2008 og meistaraprófi í lögum (LL.M) með áherslu á réttarheimspeki og stefnumótun frá Berkeley háskóla 2011.

Þorsteinn Magnússon lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2008. Hann stundaði meistaranám í blaða- og fréttamennsku við sama skóla 2015 og lauk þaðan námi í opinberri stjórnslu með diplómagráðu 2021.

5.1.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður

Að virtu því, sem að framan greinir, er það mat dómnefndar að *Maren* standi fremst umsækjenda í þessum matsþætti. Hún hefur lokið meistaraprófi í lögum frá erlendum háskóla að loknu embættisprófi frá Háskóla Íslands, en hafði áður en hún hóf laganám þreytt BA-próf í íslensku við sama skóla. Næst henni kemur Margrét, sem einnig hefur lokið meistaraprófi í lögum frá erlendum háskóla að loknu embættisprófi, auk þess sem hún hefur tekið diplómapróf frá háskólastofnun í greinum, skyldum lögfræði. Þar næst fylgja jafnt sett *Nanna*, *Unnsteinn Örn* og *Valborg* sem lokið hafa meistaraprófi í lögum frá erlendum háskólum að loknu embættis- eða meistaraprófi frá Háskóla Íslands eða Háskólanum í Reykjavík. Síðan jafnt settir *Karl Gauti* og *Þorsteinn*, en sá fyrrnefndi hefur auk embættisprófs lokið námi fyrir

stjórnendur lögreglu sem var að hluta á háskólastigi og sá síðarnefndi lokið diplómaprófi í opinberri stjórnsýslu fyrir utan að hafa stundað annars konar nám á háskólastigi án próftöku. Loks *Einar Karl*, *Sigurður* og *Sólveig* sem ekki hafa lagt stund á frekara nám en setið eins og aðrir umsækjendur ýmis önnur stutt lögfræðinámskeið að loknu fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi.

5.2. *Reynsla af dómstörfum*

Einar Karl Hallvarðsson hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Karl Gauti Hjaltason starfaði sem dómarafulltrúi hjá bæjarfógetanum í Keflavík og víðar og sýslumanninum í Gullbringusýslu á árunum 1989-1990 og bæjarfógetanum á Selfossi og sýslumanninum í Árnessýslu 1990-1992.

Maren Albertsdóttir hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Margrét Gunnlaugsdóttir hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Nanna Magnadóttir var aðstoðarmaður héraðsdómara í samtals tvö ár.

Sigurður Jónsson starfaði sem dómarafulltrúi hjá bæjarfógetanum á Akureyri og sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu á árunum 1983-1986 og bæjarfógetanum á Selfossi og sýslumanninum í Árnessýslu 1986-1988. Einnig hefur hann margoft verið dómkvaddur sem matsmaður.

Sólveig Ingadóttir hefur verið aðstoðarmaður héraðsdómara frá árinu 2010 eða í um 11 og hálf ár.

Unnsteinn Örn Elvarsson hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Valborg Steingrímsdóttir hefur verið aðstoðarmaður dómara í nærfellt sjö ár samtals, þ.e. sem aðstoðarmaður héraðsdómara á árunum 2011-2018 og landsréttar-dómara 2020-2021.

Þorsteinn Magnússon hefur ekki reynslu af dómstörfum.

5.2.1. *Reynsla af dómstörfum – samanburður*

Samkvæmt framansögðu hafa þrír umsækjenda reynslu af því að hafa verið aðstoðarmenn dómara og tveir fulltrúar dómara áður en skilið var á milli dómvalds og umboðsvalds í héraði. Við mat á hæfni þeirra að því er þennan þátt varðar er litið til þessara starfa umsækjendanna þótt þar vegi eðli máls samkvæmt þyngst fyrstu

starfsárin og hafi mun minna vægi en störf sjálfstætt starfandi dómara, ekki síst ef langt er um liðið síðan þau voru innt af hendi. Þá kemur reynsla af því að hafa verið dómkvaddur matsmaður til álita hér, enda þótt henni verði á engan hátt jafnað til reynslu af því að hafa fengist við dómstörf.

Með skírskotun til þessa stendur *Sólveig* fremst umsækjenda í þessum matsþætti þar sem hún hefur starfað sem aðstoðarmaður héraðsdómara í um 11 og hálf ár. Næst henni kemur *Valborg* sem hefur verið aðstoðarmaður héraðsdómara og landsréttardómara í nærfellt sjö ár. Þar á eftir fylgja *Nanna* og *Sigurður*, en ekki verður gert upp á milli reynslu þeirra tveggja á þessu sviði, og síðan *Karl Gauti*. Þau *Einar Karl*, *Maren*, *Margrét*, *Unnsteinn Örn* og *Þorsteinn* hafa sem fyrr segir ekki reynslu af dómstörfum.

5.3. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum

Einar Karl Hallvarðsson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1994 og fyrir Hæstarétti 1997. Allt frá árinu 1994 hefur hann starfað hjá embætti ríkislögmanns, fyrst sem lögmaður þar til hann var settur ríkislögmaður 2010 og síðan skipaður í það embætti ári síðar. Hann hefur því sinnt lögmannsstörfum í nærfellt 27 ár og á þeim tíma flutt mikinn fjölda einkamála fyrir íslenska ríkið á öllum þremur dómstigum, svo og fyrir Félagsdómi og EFTA-dómstólnum, sem tekið hafa til margra réttarsviða og mörg hver verið tiltölulega flókin úrlausnar. Frá 2016 hefur hann verið fyrirvarmaður ríkisins gagnvart Mannréttindadómstóli Evrópu.

Karl Gauti Hjaltason öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1996. Á árunum 1992-2014 eða í um 22 ár flutti hann mikinn fjölda sakamála fyrir héraðsdómi, fyrst sem fulltrúi sýslumanns og frá 1998 sem lögreglustjóri. Þar var m.a. um að ræða mál þar sem hann hafði sjálfur gefið út ákærur og mál sem ríkissaksóknari hafði höfðað. Sakamálin voru því af margvíslegum toga og sum þeirra tiltölulega flókin úrlausnar.

Maren Albertsdóttir starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofu á árunum 2010-2012 eða um tveggja ára skeið.

Margrét Gunnlaugsdóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2001 og fyrir Hæstarétti 2010. Frá því á árinu 2003, ef frá er talið eins og hálfis árs

tímabil þegar hún dvaldi erlendis í námsleyfi, eða í nærfellt 17 ár hefur hún starfað sem lögmaður, þar af hefur hún lengst af eða frá 1997 verið sjálfstætt starfandi. Á þessum tíma hefur hún flutt jöfnum höndum einkamál og sakamál á öllum dómstigum, en sérsvið hennar sem lögmanns verið á sviði fjölskyldu- og sifjaréttar þótt hún hafi einnig sinnt öðrum málaflokkum. Frá árinu 2006 hefur hún verið í teymi lögmannna sem sinnir Neyðarmóttöku kynferðisbrota.

Nanna Magnadóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2001, en hefur ekki reynslu af lögmanns- eða málflutningsstörfum.

Sigurður Jónsson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1989 og fyrir Hæstarétti 1997. Hann hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður frá 1991 eða í rúm 30 ár. Á þeim tíma hefur hann flutt mál af flestum réttarsviðum á öllum dómstigum, jafnt einkamál sem sakamál.

Sólveig Ingadóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2011, en hefur ekki reynslu af lögmanns- eða málflutningsstörfum.

Unnsteinn Örn Elvarsson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2009 og fyrir Landsrétti 2018. Hann starfaði sem fulltrúi og síðar lögmaður á lögmannsstofu á árunum 2009-2012, en frá 2013 hefur hann rekið eigin lögmannsstofu í félagi með öðrum. Lögmannsferill hans spannar því liðlega 11 og hálf ár, þar af hefur hann lengst af verið sjálfstætt starfandi. Á þessum tíma hefur hann flutt fjölmörg mál af flestum réttarsviðum í héraði og fyrir Landsrétti, jafnt einkamál sem sakamál.

Valborg Steingrimsdóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2015, en hefur ekki reynslu af lögmanns- eða málflutningsstörfum.

Þorsteinn Magnússon öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2010 og starfaði sem lögmaður á lögmannsstofu til ársloka 2012. Lögmannsferill hans spannar því tæp tvö og hálf ár.

5.3.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður

Sjö umsækjendur hafa fengist í mislangan tíma við lögmanns- og málflutningsstörf. Við samanburð á hæfni þeirra vegna reynslu af þeim störfum er litið til þess hve langan feril þeir eiga að baki sem lögmennt, þ. á m. haft réttindi til flutnings mála fyrir æðra dómi, eða sem sækjendur í sakamálum, en þar sem endranær vega fyrstu árin í

starfi þyngst. Einnig er horft til þess hversu mörg mál umsækjendur hafa flutt og hvort störfin hafi verið fjölbreytileg þannig að þeir hafi fengist við mál á sem flestum réttarsviðum. Jafnframt skiptir máli hvort þeir hafi flutt vandasöm mál fyrir dómi, ekki síst Hæstarétti og Landsrétti, svo og hvort önnur mál, sem þeir hafa fengist við sem lögmenn, hafi verið yfirgripsmikil og flókin úrlausnar. Reynsla af störfum umsækjenda á lögmannsstofum án þess að þeir hafi haft lögmannsréttindi vegur tiltölulega lítið í þessum þætti mats. Loks er höfð hliðsjón af því við mat á lögmanns- og málflutningsreynslu umsækjenda hvort störfin, sem um er að ræða, feli jafnframt í sér stjórnslureynslu sem fellur undir kafla 5.4.

Samkvæmt öllu framansögðu stendur *Sigurður* fremstur umsækjenda í þessum matsþætti, en hann hefur starfað óslitið við fjölþætt lögmannsstörf í um 30 ár. Næst honum kemur *Einar Karl*, þá *Margrét* og á eftir henni *Unnsteinn Örn*, en öll eiga þau að baki langan en mismunandi fjölbreyttan lögmannsferil. Þar á eftir fylgir *Karl Gauti*, síðan *Þorsteinn* og loks *Maren*, en lögmanns- og málflutningsreynsla þeirra tveggja síðastnefndu er tiltölulega lítil í samanburði við reynslu þeirra fimm umsækjenda sem áður eru taldir. *Nanna*, *Sólveig* og *Valborg* hafa sem fyrr segir ekki fengist við lögmanns- eða málflutningsstörf.

5.4. Reynsla af stjórnslustörfum

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Einar Karl Hallvarðsson starfaði sem lögfræðingur hjá yfirskattanefnd í tæpt eitt ár á árunum 1993-1994. Frá 2010 eða í rúm 11 ár hefur hann gegnt embætti ríkis- lögmanns sem eðli máls samkvæmt felur í sér stjórnslustörf samhliða málflutnings- störfum.

Karl Gauti Hjaltason var fulltrúi bæjarfógeta og sýslumanna á árunum 1989-1998 eða alls í tæp níu ár, auk þess sem hann starfaði sem lögfræðingur hjá ríkisskattstjóra um þriggja mánaða skeið á árinu 1990. Að því búnu gegndi hann embætti sýslumanns og lögreglustjóra í Vestmannaeyjum 1998-2014 og síðan skóla- stjóra Lögregluskóla ríkisins 2014-2016 eða samtals í rúm 18 ár. Hann var settur sýslu- maður um skamman tíma 1996 og að auki settur til að gegna öðrum lögreglustjóra- og

sýslumannsembættum við rannsókn eða úrlausn einstakra stjórnsýslumála á árunum 1996-1998. Þá var hann formaður yfirkjörstjórnar 1998-2017 og sat í Þingvallanefnd 2017-2021.

Maren Albertsdóttir hefur starfað sem lögfræðingur hjá embætti umboðsmanns Alþingis frá árinu 2012, að undanskildu einu ári meðan hún var við framhaldsnám erlendis, eða í rúm átta ár. Hún tók við starfi aðstoðarmanns umboðsmanns árið 2018, en því starfsheiti var breytt í skrifstofustjóra embættisins fyrr á þessu ári.

Margrét Gunnlaugsdóttir starfaði sem sérfræðingur hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu á árunum 1992-1993, sem sérfræðingur á tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins 1993-1998 og sem sérfræðingur hjá embætti Tollstjórans í Reykjavík 2000-2003 eða samtals í um níu ár. Þá átti hún sæti í úrskurðarnefnd félagsþjónustu- og húsnæðismála árin 2010-2013.

Nanna Magnadóttir var skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur í átta mánuði á árinu 2002. Hún starfaði sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis 2002-2003. Á árunum 2003-2004 var hún aðstoðarmaður fastanefndar Íslands hjá Evrópuráðinu í Strassborg og starfaði síðan sem lögfræðingur hjá ráðinu, samtals í tæpt eitt og hálf ár. Árin 2005-2013 sinnti hún ýmsum stjórnsýslustörfum erlendis fyrir Evrópuráðið, Sameinuðu þjóðirnar og loks Eystrasaltsráðið, alls í um átta og hálf árs skeið. Frá því í byrjun árs 2014 eða í tæp átta ár hefur hún verið að aðalstarfi formaður og forstöðumaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Sigurður Jónsson var fulltrúi bæjarfógeta og sýslumanns á árunum 1983-1986 og síðan sýslumannsfulltrúi 1986-1988. Hann var settur sýslumaður í einn og hálfan mánuð á árinu 1987. Þá var hann aðstoðarmaður dómsmálaráðherra um tveggja ára skeið 1989-1991 og sat í ýmsum nefndum á vegum Stjórnarráðsins í tengslum við það starf. Hann var formaður yfirúttektarnefndar 1986-1993. Þá átti hann sæti í nefndum til að úrskurða um gildi sveitarstjórnarkosninga í tveimur sveitarfélögum árið 2018.

Sólveig Ingadóttir hefur ekki fengist við störf sem falla undir þennan matsþátt.

Unnsteinn Örn Elvarsson hefur ekki fengist við störf sem falla undir þennan matsþátt.

Valborg Steingrímsdóttir starfaði sem lögfræðingur hjá Orkustofnun um tveggja ára skeið á árunum 2008-2010. Þá vann hún fyrir stjórnlagaráð í um tvo

mánuði 2011. Á árunum 2018-2021 hefur hún starfað sem verkefnastjóri en síðar sviðsstjóri hjá Persónuvernd eða alls í um tvö og hálf ár. Samhliða því starfi hefur hún tekið þátt í evrópsku samstarfi á sviði persónuverndar, þ. á m. átti hún sæti í ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um persónuvernd 2018-2019.

Þorsteinn Magnússon starfaði sem lögfræðingur hjá óbyggðanefnd í liðlega eitt og hálf ár 2008-2009 og í fjármálaráðuneytinu í tæpt ár 2009-2010. Í árslok 2012 tók hann við starfi framkvæmdastjóra óbyggðanefndar og hefur gegnt því síðan eða í um níu ár. Jafnframt hefur hann átt sæti í nefndinni frá árinu 2016. Þá hefur hann verið varamaður formanns kæruneftndar húsamála frá 2013 og varamaður í úrskurðarnefnd almennatrygginga 2013-2015 og tekið sæti í þeim báðum við úrlausn ágreiningsmála.

5.4.1. *Reynsla af stjórnarsýslustörfum – samanburður*

Í þessum þætti hæfnismats hafa átta umsækjendur greint frá störfum sem geta falið í sér reynslu af stjórnarsýslustörfum. Í sumum tilvikum hafa þau störf, sem hér um ræðir, verið innt af hendi samhliða aðalstarfi og vega þar af leiðandi ekki eins þungt þegar hæfni á þessu sviði er metin. Við það mat skiptir ennfremur máli hvort störfin nýtist dómaraefni sérstaklega, sbr. 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020, svo sem seta í úrskurðarnefndum eða vinna fyrir þær, en undir það fellur einnig að hafa veitt umboðsmanni Alþingis aðstoð við samningu álita. Störf ríkislögmans og ákæranda eru í eðli sínu stjórnarsýslustörf, enda þótt taka verði tillit til þess að þau fela einnig í sér málflutning fyrir dómi sem fellur undir kafla 5.3. Þá verður á sama hátt að hafa hliðsjón af því að störf dómarafulltrúa fyrir aðskilnað dómssvalds og umboðssvalds í héraði voru þess eðlis að þau voru jöfnum höndum fólgin í dóm- og stjórnarsýslustörfum. Eins og endranær verður litið til framangreindra starfa og þeim gefið vægi eftir eðli sínu, umfangi og fjölbreytni. Jafnframt verður horft til lengdar starfstíma þar sem fyrstu árin vega þyngst, en einnig þess hversu langt er síðan störfin voru innt af hendi.

Að þessu öllu virtu stendur *Nanna* fremst umsækjenda í þessum þætti mats. Skiptir þar mestu máli að hún hefur síðustu átta ár verið að aðalstarfi formaður og forstöðumaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Hefur hún í því starfi samið drög að niðurstöðu fjölmargra stjórnarsýsluúrskurða nefndarinnar sem fæst við

mikinn fjölda ágreiningsefna á ári hverju sem sum hver eru flókin úrlausnar. Þar fyrir utan á hún að baki áralanga og fjölbreytta stjórnarsýslureynslu, hér á landi sem erlendis. Næstur henni kemur *Karl Gauti* sem á að baki rúmlega 18 ára reynslu sem forstöðumaður stjórnarsýslustofnana auk þess að hafa fengist við margvísleg önnur stjórnarsýslustörf, en við mat á þessari reynslu hefur m.a. verið litið til þess að hluti af henni hefur þegar verið metinn í köflum 5.2. og 5.3. Þá kemur *Þorsteinn* sem hefur í um níu ár verið að aðalstarfi framkvæmdastjóri óbyggðanefndar og átt síðustu árin sæti í nefndinni þar sem hann hefur samið drög að niðurstöðum fjölmargra úrskurða hennar, auk þess sem hann hefur öðlast reynslu af störfum á öðrum stjórnarsýslu-sviðum. Þar á eftir fylgir *Maren*, þá jafnt sett *Einar Karl* og *Margrét*, síðan *Valborg* og loks *Sigurður*. Þau *Sólveig* og *Unnsteinn Örn* hafa sem fyrr segir ekki fengist við störf sem falla undir þennan kafla.

5.5. *Reynsla af fræðistörfum o.fl.*

5.5.1. *Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf*

Einar Karl Hallvarðsson var á árunum 2005-2007 aðjúnkt við Háskólann á Bifröst og hefur frá 2007 verið dósent í lögfræði við skólann. Aðalkennslugrein hans hefur verið einkamálaréttarfar, en einnig hefur hann kennt stjórnskipunarrétt, inngangsfræði lögfræði og Evrópurétt auk fleiri greina. Að auki hefur hann verið leiðbeinandi með fjölda BA-ritgerða og meistara-ritgerða, einkum við sama skóla. Þá hefur hann frá 2006 kennt einkamálaréttarfar á námskeiðum til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda.

Karl Gauti Hjaltason hefur ekki kennt á háskólastigi, en sinnti kennslu í réttarfari og fleiri greinum lögfræði samhliða starfi sínu sem skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, þ. á m. á framhaldsnámskeiðum skólans.

Maren Albertsdóttir hefur verið stundakennari í stjórnarsýslurétti við laga- og stjórn málafræðideildir Háskóla Íslands frá árinu 2014 ásamt því að vera leiðbeinandi með BA-ritgerðum. Einnig hefur hún frá 2018 setið í stjórn rannsóknastofu í stjórnarsýslurétti við Lagastofnun HÍ.

Margrét Gunnlaugsdóttir hefur verið prófdómari í fjölskyldurétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Nanna Magnadóttir hefur á þessu hausti sinnt stundakennslu í umhverfisrétti við lagadeild Háskóla Íslands. Þá var hún árið 2019 prófdómari í munnlegum prófum við sömu deild.

Sigurður Jónsson hefur hvorki kennt á háskólastigi né fengist við önnur sambærileg störf.

Sólveig Ingadóttir kenndi á árinu 2014 sakamálaréttarfar á námskeiði á vegum dómstólaráðs sem ætlað var m.a. löglærðum aðstoðarmönnum dómara.

Unnsteinn Örn Elvarsson hefur hvorki kennt á háskólastigi né fengist við önnur sambærileg störf.

Valborg Steingrímsdóttir var á árunum 2010-2011 stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands á þremur námskeiðum á sviði umhverfisréttar.

Þorsteinn Magnússon hafði á árunum 2009-2013 umsjón með verkefnum í eignarétti við lagadeild Háskóla Íslands og var 2019 prófdómari vegna meistara-ritgerðar við deildina.

5.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður

Samkvæmt framansögðu stendur *Einar Karl* fremstur á því sviði sem hér um ræðir. Næst honum kemur *Maren*, þá jafnt sett *Valborg* og *Þorsteinn*, þar á eftir jafnt sett *Karl Gauti* og *Nanna*, en starfsreynsla þess fyrrnefnda sem skólastjóri Lögreglu-skóla ríkisins á ekki hér undir, heldur kafla 5.4. og 5.6. Þar á eftir fylgja *Margrét* og *Sólveig*, en ekki verður gert upp á milli þeirra tveggja. Sem fyrr segir hafa hvorki *Sigurður* né *Unnsteinn Örn* fengist við kennslu á háskólastigi eða önnur akademísk störf.

5.5.2. Fræðibækur og -greinar, ritstjórn o.fl.

Einar Karl Hallvarðsson hefur ritað þrjár greinar um lögfræði, þar af tvær ritrýndar, og að auki tvo bókarkafla sem báðir eru óritrýndir. Ennfremur greinir hann í umsókn sinni frá því að hann hafi haldið tju fyrirlestra og erindi um lögfræðileg efni, hér á landi og erlendis.

Karl Gauti Hjaltason hefur ásamt öðrum samið eitt óritrýnt rit um lögfræðilegt efni. Hann greinir í umsókn sinni frá því að hann hafi haldið fjölda fyrirlestra, m.a. um málefni lögreglu.

Maren Albertsdóttir tilgreinir hvorki í umsókn sinni greinar eftir sig um lögfræði né annað sem fellur hér undir.

Margrét Gunnlaugsdóttir tilgreinir hvorki í umsókn sinni greinar eftir sig um lögfræði né annað sem fellur hér undir.

Nanna Magnadóttir hefur ritað eina óritrýnda grein um lögfræði. Hún var meðritstjóri tímarits Eyrstrasaltsráðsins á árunum 2009-2010. Þá greinir hún í umsókn sinni frá því að hún hafi flutt fimm erindi og fyrirlestra um lögfræðileg efni, hér á landi og erlendis.

Sigurður Jónsson tilgreinir hvorki í umsókn sinni greinar eftir sig um lögfræði né annað sem fellur hér undir.

Sólveig Ingadóttir tilgreinir hvorki í umsókn sinni greinar eftir sig um lögfræði né annað sem fellur hér undir.

Unnsteinn Örn Elvarsson tilgreinir hvorki í umsókn sinni greinar eftir sig um lögfræði né annað sem fellur hér undir.

Valborg Steingrímsdóttir hefur ritað tvær fræðigreinar, þar af er önnur ritrýnd grein um lögfræði, en hin þverfræðileg grein sem hún skrifaði ásamt tveimur öðrum þar sem hún samdi kafla um lögfræðilegt efni. Að auki tilgreinir hún í umsókn sinni að hún hafi haldið tvo fyrirlestra um slík efni.

Þorsteinn Magnússon hefur ritað tvær ritrýndar greinar um lögfræði. Einnig getur hann í umsókn sinni um þrjá fyrirlestra sem hann hefur haldið um lögfræðileg efni.

5.5.2.1. Fræðibækur og -greinar, ritstjórn o.fl. – samanburður

Í þessum þætti er lagt mat á hæfni umsækjenda á grundvelli fræðiskrifa þeirra, fyrst og fremst fræðigreina. Sumt efnið er ritrýnt, en annað ekki. Þess ber þó að gæta í því sambandi að sjaldnar tíðkaðist á árum áður að ritrýna greinar sem birtust í hérlendum tímaritum. Við matið er litið til gæða fræðiskrifa og jafnframt til fjölda, umfangs og fjölbreytni þeirra, auk þess sem horft er til þess hvort hlutaðeigandi

umsækjandi hafi ritað efnið einn eða í samvinnu við aðra. Þá er loks höfð hliðsjón af fyrirlestrum, sem umsækjendur hafa flutt um lögfræðileg efni á ráðstefnum, fundum eða öðrum áþekktum vettvangi, svo og ritstjórnarstörfum þeirra. Síðastnefndu þættirnir eru þó tiltölulega léttvægir í samanburði við fræðiskrif.

Að þessu virtu stendur *Einar Karl* fremstur umsækjenda í þessum þætti mats. Næstur honum kemur *Þorsteinn*, þá jafnt settar *Nanna* og *Valborg* og síðan *Karl Gauti*. *Pau Maren*, *Margrét*, *Sigurður*, *Sólveig* og *Unnsteinn Örn* hafa sem fyrr greinir ekki fengist við ritstörf eða annað sem fellur undir þennan matsþátt.

5.6. *Reynsla af stjórnun*

Einar Karl Hallvarðsson hefur gegnt embætti ríkislögmanns frá árinu 2010.

Karl Gauti Hjaltason var sýslumaður og lögreglustjóri á árunum 1998-2014. Hann var skólastjóri Lögregluskóla ríkisins 2014-2016. Þá var hann settur sýslumaður í skamman tíma 1996 og formaður yfirkjörstjórnar 1998-2017.

Maren Albertsdóttir hefur frá árinu 2018 verið aðstoðarmaður og síðar skrifstofustjóri umboðsmanns Alþingis.

Margrét Gunnlaugsdóttir hefur rekið lögmannsstofu nánast óslitið frá árinu 2005, ýmist ein eða með öðrum.

Nanna Magnadóttir var skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur um átta mánaða skeið á árinu 2002. Hún var staðgengill forstöðumanns skrifstofu Evrópuráðsins í Kósóvó 2005-2006 og síðar forstöðumaður hennar 2008-2009, en forstöðumaður svæðisáætlunar UNIFEM fyrir Suðaustur-Evrópu 2007-2008. Frá því í ársbyrjun 2014 hefur hún verið forstöðumaður og jafnframt formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Sigurður Jónsson hefur stofnað og staðið fyrir rekstri þriggja lögmannsstofa frá árinu 1991. Hann var settur sýslumaður í einn og hálfan mánuð á árinu 1987 og starfsmannastjóri Sláturfélags Suðurlands á Selfossi 1988-1989. Þá var hann formaður yfirúttektarnefndar Árnassýslu árin 1986-1993, stjórnarformaður Eyvindartungu ehf. 2001-2010 og stjórnarformaður Landssamtaka raforkubænda á Íslandi 2005-2010.

Sólveig Ingadóttir sat á árunum 2011-2015 og 2017-2018 í stjórn Félags löglærðra aðstoðarmanna, ýmist sem formaður eða varaformaður.

Unnsteinn Örn Elvarsson stofnaði og rak eigin lögmannsstofu á árunum 2013-2018, en stofnaði þá aðra stofu ásamt öðrum lögmanni sem þeir hafa rekið síðan.

Valborg Steingrimsdóttir hefur frá miðju þessu ári starfað sem sviðsstjóri hjá Persónuvernd.

Þorsteinn Magnússon hefur verið framkvæmdastjóri óbyggðanefndar frá því í árslok 2012. Þá hefur hann verið varamaður formanns í kærunefnd húsamála og tekið þar sæti í all mörgum málum.

5.6.1. *Reynsla af stjórnun – samanburður*

Í þessum þætti kemur til skoðunar reynsla umsækjenda af margvíslegum viðfangsefnum, sem eiga það öll sameiginlegt að hafa falið í sér stjórnun eða rekstur fyrirtækja í einni eða annarri mynd, enda hafi þess verið getið í umsóknum þeirra. Við mat á hæfni umsækjenda er litið til þess í hverju slík störf hafa verið fólgin, þ. á m. hversu góður undirbúningur felst í þeim fyrir að inna af hendi þau stjórnunarstörf sem kynnu að koma í hlut dómara. Sömuleiðis hve lengi umsækjendur hafa sinnt þeim störfum þar sem fyrstu árin vega sem endranær mun þyngra en árin sem á eftir fylgja.

Að því virtu telst *Karl Gauti* standa fremstur umsækjenda í þessum matsþætti. Næstur honum kemur *Einar Karl*, þá *Nanna* og síðan *Þorsteinn*. Þar á eftir fylgir *Sigurður*, þá *Margrét*, síðan *Maren* og á eftir henni *Unnsteinn Örn*. Þær *Sólveig* og *Valborg* búa að takmarkaðri reynslu, sem fellur undir þennan matsþátt, en ekki verður gert upp á milli stjórnunarreynslu þeirra tveggja.

5.7. *Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.*

Hér á eftir verða rakin önnur störf og verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við og nýtast myndu þeim í dómaraembætti að mati dómnefndar, enda hafi þeirra ekki áður verið getið, svo sem í köflum 5.4. og 5.6.

Einar Karl Hallvarðsson hefur veitt ráðgjöf við samningu lagafrumvarpa í störfum sínum hjá embætti ríkislögmanns.

Karl Gauti Hjaltason var alþingismaður á árunum 2017-2021 og átti sæti í umhverfis- og samgöngunefnd þingsins. Hann sat í tveimur starfshópum á vegum

innanríkisráðuneytisins 2014 og 2015, sem báðir skiluðu tillögum til ráðherra, sá fyrri um framtíðarskipan lögreglumenntunar og sá síðari um breytt innihald lögreglunáms. Þá var hann rúman áratug í stjórn fræðslu- og starfsmenntunarsjóðs lögreglu. Frá 1997 hefur hann átt sæti í Áfrýjunardómstóli (áður Íþróttadómstóli) Íþróttasambands Íslands. Ennfremur hefur hann setið í stjórnnum fjölmargra félaga og gegnt formennsku í sumum þeirra, þ. á m. var hann formaður Karatesambands Íslands 1985-1998, Taflfélags Vestmannaeyja 2007-2013 og Stjórnfræðifélags eyjanna 2012-2014.

Maren Albertsdóttir vann að undirbúningi og gerð frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 85/1997 um umboðsmann Alþingis. Þá sat hún á árunum 2003-2005 í stjórn Íslenska málfræðifélagsins.

Margrét Gunnlaugsdóttir kom í störfum sínum sem sérfræðingur hjá fjármálaráðuneytinu að undirbúningi lagasetningar. Þá átti hún sæti í stjórn Félags kvenna í lögmennsku á árunum 2006-2010.

Nanna Magnadóttir kom að því, í starfi sínu sem formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, að semja frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefndina til að auka skilvirkni hennar. Þá lét hún sem starfsmaður UNIFEM í té álit á drögum að jafnréttislögum Albaníu. Ennfremur hefur hún verið formaður ráðgefandi hæfnisnefndar við skipun skrifstofustjóra í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Sigurður Jónsson átti á árunum 2003-2008 sæti í kvörtunarnefnd Félags fasteignasala. Þá situr hann í stjórn Landssamtaka landeigenda á Íslandi.

Sólveig Ingaðóttir greinir ekki í umsókn sinni frá neinu sem getur fallið hér undir og ekki hefur áður verið getið.

Unnsteinn Örn Elvarsson hefur frá árinu 2014 setið í stjórn Íslenskrar endurtryggingar hf.

Valborg Steingrímsdóttir var í stjórn Stéttarfélags lögfræðinga á árunum 2013-2017.

Þorsteinn Magnússon var á árunum 2013-2014 formaður starfshóps sem skipaður var af félags- og húsnæðismálaráðherra og hafði það hlutverk að greina víxlverkanir skerðinga á greiðslum Tryggingastofnunar ríkisins og lífeyrissjóða, en starfshópurinn skilaði ráðherra skýrslu um málið. Þá var hann á sama tíma

varaformaður í nefnd á vegum sama ráðherra sem fékk það verkefni að endurskoða lög nr. 100/2007 um almannatryggingar og lög nr. 99/2007 um félagslega aðstoð. Einnig kom hann að því, í starfi sínu sem framkvæmdastjóri óbyggðanefndar, að semja drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 58/1998 um þjóðlendur. Hann hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir skákhreyfinguna, þ. á m. á hann nú sæti í stjórn Skáksambands Íslands og hefur um skeið verið formaður laganefndar sambandsins. Þá var hann í stjórn Gedhjálpar 2012 og formaður öldungaráðs Frjáls-íþróttasambands Íslands 2016-2018.

5.7.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður

Eins og áður greinir koma einungis til álita við mat á hæfni umsækjenda í þessum þætti þau störf, sem ekki hafa verið felld undir aðra matsþætti, svo sem reynslu af stjórnsýslustörfum eða stjórnun. Ef umsækjandi hefur t.d. komið að samningu lagafrumvarpa sem starfsmaður ráðuneytis vegur það af þeim sökum ekki eins þungt hér og vinna við frumvarpsgerð sem sinnt er meðfram öðru starfi.

Sé litið til starfa umsækjenda, sem falla hér undir, telst *Karl Gauti* standa fremstur umsækjenda á þessu sviði, fyrst og fremst vegna starfa sinna sem alþingismaður um fjögurra ára skeið. Næst honum koma *Nanna* og *Þorsteinn*, þá *Margrét* og síðan *Einar Karl*, *Maren*, *Sigurður* og *Unnsteinn Örn*, en ekki verður gert upp á milli þeirra fjögurra. Þar á eftir *Valborg*, en *Sólveig* hefur sem fyrr segir ekki greint frá neinu í umsókn sinni sem fellur undir þennan þátt mats.

5.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgerði

Í 3. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. reglnanna að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda

fari gott orð, bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Svo sem áður greinir var m.a. áskilið í auglýsingu um hið lausa dómaraembætti að fram kæmu í umsóknum upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Þær umsagnir, sem nefndin aflaði hjá þessum umsagnaraðilum um störf umsækjenda og persónulega eiginleika þeirra, voru undantekningalaust jákvæðar í þeirra garð.

Af þessum umsögnum og athugunum nefndarinnar verður ráðið, eins og áður er fram komið, að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður til starfshæfni héraðsdómara samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020.

5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020 segir m.a. að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu. Einnig verði hann að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál, sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu

Hvað þennan þátt hæfnismats varðar hafa umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Að mati dómnefndar skiptir einkum máli, þegar lagt er mat á hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu, hver sé reynsla hans af dóms- og málflytningisstörfum og hvert sé framlag hans í formi kennslu og fræðiskrifa á sviði réttarfars sem og aðkoma hans að samningu lagafrumvarpa á því sviði.

Það er álit dómnefndar að allir umsækjendur hafi með námi sínu og störfum öðlast nægilegt vald á réttarfarsreglum til að geta sinnt störfum héraðsdómara. Að því sögðu er það niðurstaða nefndarinnar að *Einar Karl Hallvarðsson* standi fremstur í þessum þætti hæfnismats, en hann á að baki áratuga langa reynslu af flytningi mála á öllum dómstigum, auk þess sem hann hefur kennt einkamálaréttarfar við háskóla og á námskeiðum til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda. Næst honum koma *Margrét*

Gunnlaugsdóttir og Sigurður Jónsson sem hafa mjög langa reynslu af því að flytja mál á öllum dómstigum og eru ekki efni til að gera upp á milli þeirra tveggja á þessu sviði. Á eftir þeim fylgir *Unnsteinn Örn Elvarsson*, síðan jafnt settar *Sólveig Ingadóttir* og *Valborg Steingrimsdóttir*, þá jafnt sett *Karl Gauti Hjaltason*, *Nanna Magnadóttir* og *Þorsteinn Magnússon* og loks *Maren Albertsdóttir*, en sú síðastnefnda hefur hvorki starfað hjá dómstóli né flutt mál fyrir dómi.

5.9.2. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi

Dómnefnd telur að ályktun um þessi atriði verði einkum dregin af þeim störfum sem umsækjendur hafa gegnt á liðnum árum. Með tilliti til þeirra, svo og af því sem fram kom í viðtölum við umsækjendur, lítur nefndin svo á að þeir séu allir hæfir til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál, sem þeim eru fengin, bæði skjótt og vel. Ekkert er fram komið sem gefur tilefni til að gera upp á milli þeirra að því er þetta varðar.

5.10. Færni umsækjenda til að semja dóma

Í 4. gr. reglna nr. 970/2020 er m.a. vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Ennfremur að hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Eftir því sem umsækjandi hefur tileinkað sér betur þessi atriði, þeim mun færari er hann um að kveða upp dóm eða úrskurð í dómsmáli. Dómsúrlausnir hans, málflutnings-skjöl á borð við stefnur, ákærur og greinargerðir eða eftir atvikum stjórnsluúrlausnir geta auk annars veitt vísbendingar um hversu vel hann er að sér þegar kemur að því að beita þeim réttarheimildum og skýra þau lög sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandinn ætti með að reifa í stuttu máli og um leið með fullnægjandi hætti málsatvik og ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði, sbr. d- og f-liði 1. mgr.

114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og d-, f- og g-liði 2. mgr. 183. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Í dómum Hæstaréttar 19. desember 2017 í málum nr. 591/2017 og 592/2017 var m.a. fjallað um umsögn dómnefndar frá 19. maí 2017 um hæfni umsækjenda um 15 embætti landsréttardómara. Í dómunum fann Hæstiréttur að því að í umsögn sinni hafi nefndin ekki sérstaklega lagt mat á færni hvers og eins umsækjanda til að semja dóma. Síðan þessir dómar féllu hefur nefndin lagt æ meiri áherslu á það sjónarmið í mati sínu á hæfni umsækjenda að horfa ekki aðeins til lögfræðilegrar þekkingar þeirra og starfsreynslu á sviði lögfræði, heldur ekki síður til færni þeirra til að nýta þá þekkingu og reynslu við úrlausn dómsmála.

Í samræmi við þetta hefur dómnefnd lagt sérstakt og rökstutt mat á hæfni hvers og eins umsækjanda á þessu sviði. Hefur það einkum verið gert á grundvelli dómsúrlausna eins umsækjandans, greinargerða, sem fjórir þeirra hafa ritað í munnlega fluttum málum fyrir Hæstarétti eða Landsrétti, svo og ákæra, sem einn umsækjandinn hefur gefið út, og stjórnsluúrlausna og -álita sem fjórir þeirra hafa komið að því að semja. Ekki hefur þá aðeins verið horft til þeirra framlaga, sem fylgdu umsóknum umsækjenda, heldur einnig til annarra gagna, sem aðgengileg eru, svo sem heimilt er að gera skv. 3. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020.

Við matið hefur sjónum einkum verið beint að því hvernig umsækjendum hefur tekist að nýta þá lögfræðilegu þekkingu, sem þeir búa yfir, við að greina málin sem til meðferðar hafa verið og eftir atvikum að leysa úr þeim. Þegar borin er saman færni einstakra umsækjenda að þessu leyti hefur jafnframt verið litið til þess hversu fjölbreytileg lögfræðileg álitaefni þeir hafa fengist við, sér í lagi hin síðari ár, og hversu flókin úrlausnar þau hafa verið auk þess sem máli skiptir hvort þeir hafa sjálfir samið eða tekið þátt í að semja þær úrlausnir eða skjöl sem um er að ræða. Loks hefur verið höfð hliðsjón af öðrum skrifum umsækjenda um lögfræðileg efni.

Niðurstaða þessa mats dómnefndar er að *Einar Karl Hallvarðsson* væri færastur af umsækjendunum tíu til að semja dóma ef hann yrði skipaður héraðsdómari. Er þá einkum horft til fjölbreytni þeirra mála, sem hann hefur flutt fyrir dómi sem ríkislögmaður, og greinargerða hans fyrir Hæstarétti sem sérstaklega var farið yfir samkvæmt framansögðu og bera vitni um að hann ætti auðvelt með að færa góð og

gild lögfræðileg rök fyrir niðurstöðum í dómsmálum. Aðrir umsækjendur um embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Suðurlands standa honum að baki að þessu leyti.

Af þeim átta umsækjendum, sem sækja um embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjavíkur, er það niðurstaða matsins að *Þorsteinn Magnússon* væri, ef til kæmi, færastur þeirra til að semja dóma. Því til stuðnings er sér í lagi vísað til stjórnarsýsluúrskurða sem hann hefur komið að því að semja og sérstaklega voru skoðaðir, svo og fræðiskrifa hans. Fast á hæla honum af umsækjendunum átta, að því er varðar færni til að semja dóma, fylgja að mati nefndarinnar *Maren Albertsdóttir* og *Nanna Magnadóttir* og er þá einkum litið til þeirra álita umboðsmanns Alþingis og stjórnarsýsluúrskurða sem þær hafa komið að því að semja. Aðrir umsækjendur um embættið standa þeim tveimur að baki að þessu leyti.

6. Niðurstaða dómnefndar

Verkefni dómnefndar skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 er að taka afstöðu til þess hverjir umsækjenda séu hæfastir til að gegna þeim tveimur embættum héraðsdómara sem hér er fjallað um. Eins og áður greinir hafa allir umsækjendurnir sótt um annað embættið og átta af tíu þeirra um hitt. Verður tekið mið af þessu í umfjölluninni sem á eftir fer.

Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 970/2020. Sjónarmiðin hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum. Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu og, eftir því sem kostur er, hlutlægu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að þeir hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum héraðsdómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmanns- og málflutningsstörfum og þeim stjórnarsýslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig hefur þýðingu hvort þau verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við, séu fjölbreytileg, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá vegur reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í

Þessu sambandi þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki. Þótt farsæl starfsreynsla gefi mikilsverðar vísbendingar um hæfni umsækjanda koma önnur atriði ekki síður til álita, þá einkum færni við lögfræðilega greiningu á álitamálum sem leysa þarf úr fyrir dómi.

6.1. Niðurstaða um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Suðurlands

Þar sem allir tíu umsækjendurnir sækja um embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Suðurlands er rétt að tekin sé afstaða til þess fyrst hver eða hverjir þeirra séu hæfastir til að gegna því embætti. Ef litið er til þeirra matsþátta, sem fjallað er um í köflum 5.1. – 5.9.1., þar sem reynsla af dómstörfum, reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum og reynsla af stjórnsýslustörfum vega þyngst og hafa jafn mikið vægi, hver þáttur um sig, og matsþættirnir allir virtir í heild er það álit dómnefndar að *Einar Karl Hallvarðsson* standi fremstur umsækjenda í þeim matshluta. Í samræmi við það, sem áður hefur komið fram, er þá ekki aðeins litið til þess hve þau störf, sem umsækjendur hafa sinnt, eru fjölbreytt, heldur ekki síður hve verkefni, er þeir hafa fengist við í sama starfi, eru margbreytileg. Þá er eins og fyrr segir það mat nefndarinnar, sbr. kafla 5.10., að *Einar Karl* standi fremstur umsækjenda í þeim matshluta sem lýtur að færni til að semja dóma.

Með skírskotun til alls þess, sem áður greinir og fram hefur komið, m.a. í viðtölum við umsækjendur, er það niðurstaðan af heildstæðu mati dómnefndar á hæfni umsækjendanna tíu, sem sækja um embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Suðurlands, að *Einar Karl Hallvarðsson* sé hæfastur þeirra.

Einar Karl Hallvarðsson hefur í nær 28 ár starfað hjá embætti ríkislögmanns, fyrst sem lögmaður, en frá því í árslok 2010 sem ríkislögmaður. Á þessum tíma hefur hann flutt mikinn fjölda viðamikilla dómsmála fyrir íslenska ríkið, þ. á m. fyrir Hæstarétti, Landsrétti, Félagsdómi og EFTA-dómstólnum, en hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti árið 1997. Frá árinu 2016 hefur hann jafnframt verið fyrirvarsmaður ríkisins gagnvart Mannréttindadómstóli Evrópu. Af öðrum störfum má nefna að frá árinu 2005 hefur hann verið kennari í lögfræði við Háskólann á Bifröst,

í fyrstu sem aðjúnkt og síðar dósent. Aðalkennslugrein hans hefur verið einkamálaréttarfar, en einnig hefur hann kennt aðrar greinar, svo sem stjórnskipunarrétt og Evrópurétt. Ennfremur hefur hann frá árinu 2006 sinnt kennslu í einkamálaréttarfari á námskeiðum til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda. Þá hefur hann ritað þrjár greinar og tvo bókarkafla um lögfræðileg efni, auk þess sem hann hefur haldið fjölda fyrirlestra og erinda um slík efni, hér á landi og erlendis.

6.2. Niðurstaða um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjavíkur

Þegar metið er hver eða hverjir af þeim átta umsækjendum, sem sækja um embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjavíkur, má skipta matinu á sama hátt í tvennt og gert er í kafla 6.1. Ef litið er til þeirra matsþátta, sem fjallað er um í köflum 5.1. – 5.9.1., þar sem reynsla af dómstörfum, reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum og reynsla af stjórnsýslustörfum vega þyngst og hafa jafn mikið vægi, hver þáttur um sig, og allir matsþættirnir virtir í heild er það álit dómnefndar að *Margrét Gunnlaugsdóttir, Nanna Magnadóttir og Sigurður Jónsson* standi fremst umsækjenda í þeim matshluta, en skammt á eftir þeim komi *Þorsteinn Magnússon*. Er þá ekki aðeins litið til þess hve þau störf, sem umsækjendur hafa sinnt, eru fjölbreytt, heldur ekki síður hve verkefnin, er þeir hafa fengist við í sama starfi, eru margbreytileg. Vegna þess að nefndin telur að þessir fjórir umsækjendur standi, þegar á allt er litið, nokkurn veginn jafnt að vígi með tilliti til starfsreynslu, menntunar og annarra þátta, sem fjallað er um í köflunum níu, skiptir enn meira máli en ella þegar lagt er mat á hæfni þeirra til að gegna dómaraembætti að horft sé til mats á færni þeirra til að nýta þá lögfræðipekkingu, sem þeir búa yfir, við að leysa úr dómsmálum á skipulegan og rökstuddan hátt. Eins og áður greinir er það mat nefndarinnar, sbr. kafla 5.10., að Þorsteinn standi fremstur umsækjenda í þeim matshluta af þeim átta, sem um embættið sækja, en Nanna og *Maren Albertsdóttir* fylgi fast á hæla honum.

Með skírskotun til alls þess, sem áður greinir og fram hefur komið, m.a. í viðtölum við umsækjendur, er það niðurstaðan af heildstæðu mati dómnefndar á hæfni umsækjendanna átta, sem sækja um embætti héraðsdómara með fyrsta starfs-

vettvang hjá Héraðsdómi Reykjavíkur, að *Nanna Magnadóttir* og *Þorsteinn Magnússon* séu hæfust þeirra til að gegna embættinu og ekki verði gert upp á milli þeirra tveggja.

Nanna Magnadóttir hefur frá ársbyrjun 2014 eða í nær átta ár verið forstöðumaður og formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Í því starfi hefur hún m.a. samið drög að niðurstöðu fjölmargra stjórnisýsluúrskurða, en nefndin fæst við mikinn fjölda ágreiningsefna á ári hverju sem sum hver eru flókin úrlausnar. Af öðrum störfum má nefna að hún var á árunum 1998-2001 aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og 2001-2002 lögfræðingur hjá embætti umboðsmanns Alþingis. Árið 2003 hóf hún störf hjá fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu, varð ári síðar lögfræðingur hjá ráðinu og sinnti til haustsins 2009 ýmsum störfum á vegum þess og Sameinuðu þjóðanna, m.a. á Balkanskaga. Frá þeim tíma og fram á árið 2013 starfaði hún sem aðalráðgjafi hjá Eyrstrasaltsráðinu í Stokkhólmi. Árið 2004 lauk hún meistaraþrófi í alþjóðlegum mannréttindalögum frá Raoul Wallenberg stofnun Háskólans í Lundi. Ennfremur hefur hún verið stundakennari í umhverfisrétti við lagadeild Háskóla Íslands og ritað eina grein um lögfræðilegt efni, auk þess sem hún hefur flutt erindi og fyrirlestra um slík efni, hér á landi og erlendis.

Þorsteinn Magnússon hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra óbyggðanefndar frá því í árslok 2012 eða í níu ár, en áður hafði hann starfað sem lögfræðingur hjá nefndinni á árunum 2008-2009. Samhliða starfi framkvæmdastjóra hefur hann átt sæti í óbyggðanefnd frá árinu 2016. Á þeim tíma, sem hann hefur starfað hjá nefndinni, hefur hann samið drög að niðurstöðuköflum í mörgum úrskurðum í þjóðlendumálum sem eru viðamiklir og álitaefnin oft vandasöm úrlausnar. Af öðrum störfum má nefna að hann starfaði sem lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu á árunum 2009-2010 og 2010-2012 var hann fulltrúi og síðar lögmaður á lögmannsstofu þar sem hann flutti m.a. mál fyrir héraðsdómi. Frá árinu 2013 hefur hann verið varamaður formanns kærunefndar húsamála og tekið þar sæti í all mörgum málum. Þá hefur hann verið stundakennari í eignarétti við lagadeild Háskóla Íslands og nýverið skrifað tvær greinar um lögfræðileg efni, auk þess sem hann hefur flutt fyrirlestra um slík efni.

Ályktarorð:

Með skírskotun til 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að Einar Karl Hallvarðsson sé hæfastur umsækjenda til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Suðurlands, sbr. auglýsingu 15. október 2021. Ennfremur að Nanna Magnadóttir og Þorsteinn Magnússon séu hæfust umsækjenda til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og verði ekki gert upp á milli þeirra tveggja.

Reykjavík, 15. desember 2021




Eiríkur Tómasson



Kristín Benediktsdóttir



Óskar Sigurðsson



Sigríður Þorgeirsdóttir



Þorgeir Örlygsson